

Stjórnarfundur Retrieverdeildar HRFÍ

24.02.2025. Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ



Fundur settur klukkan 19:00

Mættir voru:

Dagný Hinriksdóttir, Guðni Þór Björgvinsson, Sólrún Dröfn Helgadóttir, Margrét Pétursdóttir, Gísli Már Árnason.

Skipun embætta:

Formaður: Guðni Þór Björgvinsson

Gjaldkeri: Sólrún Dröfn Helgadóttir

Ritari: Gísli Már Árnason

Meðstjórnendur: Dagný Hinriksdóttir, Margrét Pétursdóttir

Tengiliðir við nefndir:

Veiðinefnd: Dagný Hinriksdóttir/Gísli Már Árnason

Sýningarnefnd: Óli Þór Árnason

Verkefni framundan:

- Uppfærsla á gagnagrunn á heimasíðu deildarinnar. Fengist hefur tilboð upp á 120klst af vinnu í það verkefni sem er líklega um 2-3 milljónir króna. Ákveðið að stíga skref til baka og meta hvort hægt sé að gera það á annan máta.
- Uppfæra tengiliði á heimasíðu deildarinnar. Einnig þarf að uppfæra reglur um árstitla ásamt almennri yfirferð á síðunni. Koma fundargerðum hratt og örugglega inn.
- Allir stjórnarmeðlimir fá aðgang að heimasíðu deildarinnar, einnig aðal netfangi deildarinnar.
- Senda tilkynningu á RSK um breytingu á raunverulegum eigendum.
- Samþykkt að leigja tjaldsvæði á Melgerðismelum fyrir veiðipróf, 28. og 29. Júní næstkomandi á 120þús kr. Á móti verður rukkað hóflegt gjald fyrir aðstöðugjald.
- Skipa skoðunarmann reikninga.
- Setja upp vinnu skjöl inn á Google docs sem deilt er með öllum stjórnarmeðlimum.

Hugmyndir af umbótum á starfi:

- Halda kynningar fyrir nýja hvolpaeigendur. Uppfæra hvolpabækling.
- Auka fræðslu og kynningar fyrir félagsmenn.
- Reyna að brúa bilið milli sýningar og veiði.
- Fjölga félagsmönnum og auka nýliðun.
- Styrkir, sækja styrki.
- Upplýsa félagsmenn með tölvupósti um viðburði sem eru framundan.
- Óska eftir að stjórn HRFÍ fjárfesti í fjarfundarbúnaði til afnota í húsnaði HRFÍ svo hægt sé að miðla fundum og kynningum til félagsmanna á landsbyggðinni.

Önnur mál:

- Óskað var eftir upplýsingum um ágreining innan veiðiprófs dómara og hvernig er hægt að miðla málum svo allir dómarar fái aðgengi að prófum. Ljóst er að mikið umbótastarf er framundan hjá deildinni og þurfum við allar hendur til að efla starfið enn frekar. Aðeins var þreifað á þessu máli og verður það rætt frekar síðar.

Fundi er slitið klukkan 21:15

Gísli Már Árnason, ritari.